

52. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss –

6. júlí kl. 8:15 í ráðhúsinu

Fundinn sátu: Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Hjördís Edda Olgeirsdóttir, Reynir Ásgeirsson, Jack Michael Tunstall og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð. Hjalti Þór Vignisson sat fyrri hluta fundarins

Dagskrá

1. Erindisbréf stýrihópsins lagt fyrir og farið yfir. Bæjarráð tilnefnir Björgvin sem formann og Hjördís Eddu sem varaformann hópsins. Stýrihópur gerir ekki athugasemdir við framlagt erindisbréf.
2. Staðan í dag – verkefnastjóri fór yfir sögu verkefnisins og þá kosti sem fjallað hefur verið um. Annars vegar í tengslum við íþróttahús og hins vegar varðandi uppbyggingu á Sindravöllum.
 - a. Fyrri stýrihópur ákvað að byggja íþróttahús við Víkurbraut. Nýr stýrihópur vill bera betur saman þá valkosti sem um var að ræða en einnig nýja staðsetningu sem verkefnastjóri hefur lagt til sem er á hluta lóðarinnar Hafnarbraut 38.
 - b. Ákveðið hefur verið að fá VSÓ til að sjá um hönnun gervigrass og endurnýjun hlaupabrautar. Í þeirri hönnun er hvorki gert ráð fyrir hitalögn undir vellinum né flóðlýsingu en hefðbundin lýsing verður á vellinum.
 - c. Búið er að gera jarðvegsrannsóknir á staðsetningu A, D og fótboltavellinum en ekki náðist að gera jarðvegsrannsókn á staðsetningu C vegna óvæntra lagna sem komu í ljós. Beðið er eftir niðurstöðum og ættu þær að koma á næstu vikum.
3. Næstu skref.
 - a. Staðsetning á íþróttahúsi verður endurmetin frá ákvörðun í desember 2024. Verkefnastjóri mun setja upp hlutlæga valmöguleika fyrir þær þrjár staðsetningar sem um ræðir. Á öllum stöðum yrði samskonar salur en að öðru leyti yrði horft til kostnaðar við byggingu á hverjum stað fyrir sig, rekstrarkostnað, skoðana hagaðila, framtíðaruppbyggingar á svæðinu, tengingu við þau mannvirki sem fyrir eru og fleiri atriða sem eru mikilvæg. Kaupa þarf sérfræðing til að gera kostnaðaráætlun við uppbyggingu á hverjum stað fyrir sig en að öðru leyti geta starfsmenn sveitarfélagsins lagt fram upplýsingar um kostnað. Verkefnastjóri mun fá verðhugmyndir við kostnaðarútreikninga frá nokkrum aðilum og leggja fyrir nefndina á næsta fundi. Stefnt er að því að ljúka vali á staðsetningu í haust.
 - b. Þriðjudaginn 7. júlí verður fyrsti fundur með VSÓ vegna hönnunar íþróttavallarins. Fylling gervigrassins verður náttúruleg og yrði það fyrsti völlur þess eðlis á Íslandi og á kaldari svæðum Norðurlanda. Það gefur möguleika á að sækja um styrk vegna verkefnisins og ákveðið var að skoða þann möguleika betur. Stefnt er að því að völlurinn verði tilbúinn til notkunar vorið 2027.

4. Næsti fundur verður í lok mánaðarins en tímasetning auglýst síðar.